



FJARÐABYGGÐ

Félagsleg liðveisla I

---

# STARFSLÝSING

---

Yfirmaður félagslegrar liðveislu I er forstöðumaður stoðþjónustu

## 1. Meginviðfangsefni

Starfsmaður félagslegrar liðveislu I starfar eftir starfsáætlun fjölskyldusviðs. Veitir félagslegan stuðning og starfar við persónulega aðstoð við notanda samkvæmt þjónustusamningi með það að markmiði að rjúfa félagslega einangrun notandans og styðja viðkomandi á sviði tómsunda- og frístundaiðkunar.

## 2. Helstu verkefni

### 2.1 Þjónusta og samskipti

- Fylgist með að notandi njóti persónulegs stuðnings sem hann þarf á að halda hverju sinni og um getur í þjónustusamningi.
- Markmiðið er að notandi geti búið sem lengst á eigin heimili í öryggi og við sem bestar aðstæður og örvun til félagslegrar samveru.
- Markmið er að notandi getið tekið þátt í athöfnum daglegs lífs s.s. tómsunda- og frístundastarfi með liðsinni starfsmanns. Í því getur falist þátttaka í ýmsum skemmtunum, bíóferðir, sundferðir, göngur, útivera eða hvað eina sem notandi er fær um hverju sinni og fer eftir tómsundatilboðum í umhverfi notandans.

### 2.2 Félagsmálanefnd

- Þjónusta við félagsmálanefnd Fjarðabyggðar í málefnum sem tengjast starfinu.

### 2.3 Stjórnýsla

- Starfar samkvæmt samþykktum og verklagsreglum í málum fjölskyldusviðs og í samræmi við áherslur bæjaryfirvalda Fjarðabyggðar.

### 2.4 Teymisvinna

- Þátttaka í teymisvinnu í samvinnu við deildarstjóra búsetuþjónustu.
- Tekur þátt í starfsmannafundum og sækir fræðslu sem stofnun gerir kröfu um til að viðhalda færni og þróun í starfi í samráði við næsta yfirmann.

### 2.5 Önnur verkefni

- Ýmis tilfallandi verkefni sem yfirmaður felur starfsmanni hverju sinni.

### 3. Hæfni- og samstarfsmarkmið

#### 3.1 Menntun og reynsla

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Þekking á málefnum félagsþjónustu er æskileg.
- Reynsla og þekking á málefnum fatlaðs fólks er æskileg.
- Reynsla og þekking af valdeflingu og endurhæfingu er æskileg.
- Góð tölvukunnátta.

#### 3.2 Hæfnisþættir

- Sjálfstæði í faglegum vinnubrögðum.
- Frumkvæði og skipulagshæfni.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, jákvætt viðmót og framúrskarandi samstarfshæfni.
- Áhugi á að taka þáttí teymisstarfi og umbótaverkefnum.
- Hæfni til að miðla upplýsingum í töluðu og rituðu máli

Fjarðabyggð dagsetning: \_\_\_\_\_

---

Forstöðumaður stoðþjónustu

---

Starfsmaður félagslegrar liðveislu I

# Undirritunarsíða

Andrea Björk Guðbjartsdóttir

Undirritað f.h. Fjarðabyggð  
Guðrún Lilja Magnúsdóttir